

SUMAR 2016

SUMARÚTHLUTUN

Opnað hefur verið fyrir umsóknir á orlofsvef GRAFÍU www.grafia.is

Umsóknarfrestur er til 4. apríl n.k.

Aðeins virkir félagsmenn GRAFÍU hafa aðgang að síðunni. Þeir félagsmenn sem þess óska geta fengið umsóknareyðublað á skrifstofu félagsins.

ÚTHLUTUNARREGLUR

Úthlutunarkerfið er einfalt. Farið er eftir punktaineign félagsmanns. Félagsmenn fá einn punkt fyrir hvern mánuð sem þeir hafa greitt félagsgjald. Sá sem hefur flesta punkta þeirra sem sækja um sama svæðið, á sama tíma, fær úthlutað. Ef aðilar eru jafnir að punktum fær sá úthlutað er fyrr gekk í félagið. Þeir sem fá úthlutað orlofshúsi á tímabilinu júní til ágúst ár hvert, missa 20, 40 eða 60 punkta við úthlutun.* Aðeins er hægt að senda inn eina umsókn með allt að 10 valmöguleikum.

Um þau hús sem eru ekki í sumarúthlutun gildir fyrstur kemur fyrstur fær. Félagsmenn missa tvo punkta við hverja leigu. Hægt er að leigja þau hús í eina viku, helgi eða tvær nætur minnst.

* Vakin er athygli á því að punktafrádráttur hefur hækkað á vinsælustu vikum sumarsins.



Illugastaðir
með heitum potti,
rúm fyrir 8 manns



Ljósheimar 10 Rvk.
rúmstæði fyrir 7
- ekki í sumarúthlutun



Furulundur 8, Ak.
tvær íbúðir,
rúm fyrir 5 manns

MIDDALUR
STAFABERG (hús nr. 6)
rúmstæði fyrir 3
ekki í sumarúthlutun



MIDDALUR
LITABERG (hús nr. 7)
með heitum potti,
rúm fyrir 8 manns



MIDDALUR
RÚNABERG (nytt hús)
með heitum potti og gufu
rúm fyrir 8 manns



MIDDALUR
LETURBERG (hús nr. 2)
með heitum potti,
rúm fyrir 8 manns



Ölfusborgir
með heitum potti,
rúm fyrir 6 manns



MIDDALUR
GUTENBERG (hús nr.1)
með heitum potti,
rúm fyrir 12 manns

